



Frá sumarferð FVSA síðasta sumar. Mynd: Ásgrímur Ágústsson.

## 50 orlofsstyrkir fyrir félagsmenn

Á aðalfundi FVSA voru samþykktar fjórar tillögur sem allar lúta með einum eða öðrum hætti að styrkjum til félagsmanna.

Samþykkt var að veita 50 orlofsstyrki til félagsmanna á sumri komanda og nemur hver styrkur 15.000 krónum. Hér er um nýjung að ræða og geta félagsmenn sótt um styrkinn á eyðublaðinu sem fylgir fréttabréfinu en þar er einnig hægt að sækja um orlofshús.

Á aðalfundinum var einnig samþykkt að hækka styrki vegna heilsuræktar úr 10.000 krónum í 15.000 krónur og styrki vegna laser-augnaðgerða úr 35.000 krónum í 50.000 krónur. Þá var samþykkt að hámarksupphæð styrkja til félagsmanna úr sjúkrasjóði verði 70.000 krónur, en til þessa hefur ekkert „þak“ verið á þeim styrkjum.

## Orlofshúsin - tveir nýir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Boðið verður upp á tvo nýja valkosti, íbúð í Bolungarvík og íbúð í Kaupmannahöfn. Einnig verða í boði tvær íbúðir í Reykjavík, tvö hús á Illugastöðum, nýtt og glæsilegt Skógarsel í Vaglaskógi, hús í Ölfusborgum, hús í Munaðarnesi og hús að Einarstöðum á Héraði.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum, sem í boði

eru í sumar, í opnu fréttabréfsins. Síðastliðið sumar fékk 101 félagsmaður úthlutað vikudöl í orlofshúsi en hafna þurfti 51 umsækjanda.

Með fréttabréfinu fylgir umsóknareyðublað, sem umsækjendur þurfa að fylla út og senda til félagsins eigi síðar en 26. mars nk. Umsækjendur fá síðan sent skriflegt svar.

## Samningarnir samþykktir!

Félagsmenn FVSA samþykktu nýgerða kjarasamninga en niðurstöður kosningarinnar voru kunngerðar á þriðjudag. 78% þeirra, sem greiddu atkvæði samþykktu samningana en 20,53% voru á móti.

Á landsvísu samþykktu 73,41% samningana en 24,81% voru á móti. Nánar er sagt frá niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar á heimasíðu félagsins, [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is)



Verslunarfolk að störfum á Akureyri. - Fleiri orlofshús eru nú í boði fyrir félaga í FVSA. Mynd: Haraldur Bjarnason.



## Óbreytt stjórn - breytt fulltrúaráð

Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og fulltrúaráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.

Stjórnin er því óbreytt frá fyrra ári, en í henni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Friðbjörg Jóhannsdóttir, Samkaupum Dalvík; Eiður Stefánsson, Flugfélagi Íslands og Svavar Hannesson, Verði-Íslandstryggingu.

Í varastjórn eru Elísabet Hallgrímsdóttir, Capacent; Hildur Tryggvadóttir, Húsasmiðjunni Lónsbakka og Margrét Guðmundsdóttir, Eymundsson.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fóðursöluinni-Bústólpa og Eiður Eiðsson, Kjarnafæði. Til vara var kjörin Sigríður Jónsdóttir, Slippnum Akureyri.

### Fulltrúaráð

12 aðalmenn og sex varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru kjörnir til eins árs á fundinum. Átta breytingar urðu á ráðinu, fjórir komu inn nýir sem aðalmenn og fjórir sem varamenn.

### Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir	Höldur
Árni Þorvaldsson	Byko
Heiðar K. Ólafsson	Samkaup/Nettó
Magnús Kristinsson	Ekran
Guðmundur Kristjánsson	Húsasmiðjan, Dalvík
Ómar Gylfason	Olís
Sigurlaug Hinriksdóttir	Samkaup, Byggðavegi
Erna Magnúsdóttir	BSO
Gíslína Benediktsdóttir	Brauðgerð Kr. Jónssonar

Guðjón Rúnar Guðjónsson	Flugfélag Íslands
Helga Steingrimsdóttir	Úrval, Hrísalundi
Joan Katrín Lénharðsdóttir	Álnabær

### Varamenn í fulltrúaráð

Signý Sigurðardóttir	Samkaup/Nettó
Anna María Elíasdóttir	Ólafsfirði
Baldur Ingi Karlsson	Mest
Þorsteinn Eiríksson	N1
Ólöf Ingimundardóttir	Samkaup, Siglufirði
Helga Eymundsdóttir	Blikkrás

### Stjórn sjúkrasjóðs

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Guðríður Þorsteinsdóttir
Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir
Kolbrún Theodórsdóttir
Þórdís Bjarnadóttir

### Varamenn í stjórn sjúkrasjóðs

Lilja Jóhannsdóttir
Skarphéðinn Leifsson
Kristín Þorgilsdóttir



Stjórn FVSA 2008-2009, efri röð f.v.: Svavar Hannesson, Friðbjörg Jóhannsdóttir og Eiður Stefánsson. Neðri röð f.v.: Einar Hjartarson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

## „Meginmarkmiðið er að hækka lægstu launin“

- sagði Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV, þegar hún kynnti nýja kjarasamninga á aðalfundi FVSA

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna, kynnti nýja kjarasamninga á aðalfundi FVSA. Hún fór ítarlega yfir markmið samninganna, hvað hefði áunnist með þeim og kynnti nýjungar sem finna má í samningunum.



Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (t.h.) og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir á aðalfundinum.

Ingibjörg sagði meginmarkmið samninganna vera að hækka lægstu launin og laun þeirra, sem setið hefðu eftir í launakjörum. Hún sagði alla vera sammála um þessi forgangsatríði og sagðist treysta því að nú væru þetta ekki bara orðin tóm, heldur sæist framkvæmdin í verki. Þetta byggðist þó á því að aðrir væru tilbúnir að láta það, sem þeir hefðu þegar fengið, duga í bili.

### Kökunni ójafnt skipt að þessu sinni

Forsendur fyrir samningunum væru að verðbólga lækkaði og kaupmáttur minnkaði ekki. Í þessu sambandi kæmi þó margt til, sem aðilar vinnuarkaðarins réðu ekki við, t.d. gengisþróun, eldsneytisverð og erlendar hækkanir. Ingibjörg sagðist telja að sátt hefði myndast um að þeir bíði sem hafi fengið meira en 5,5% launahækkun eftir 2,9% launahækkunina, sem kom í janúar 2007. „Það má því segja að kökunni hafi verið





## Fjöldmennur aðalfundur

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn á Hótel KEA miðvikudaginn 27. febrúar. Tæplega 120 manns sóttu fundinn og eru mörg ár síðan svo fjöldmennur fundur hefur verið haldinn hjá félaginu.

Rekstrarafkoma félagsins á árinu var mjög góð. Alls nam hagnaðurinn 37,8 milljónum króna og voru allir sjóðir félagsins reknir með hagnaði. Eiginfjárstaða félagsins er sterk og nam eigið fé félagsins um síðustu áramót 295,8 milljón króna.

Í árslok voru fullgildir félagsmenn 1.614; 634 karlar og 980 konur. Þar af eru 314 gjaldfrjálsir en það eru starfandi félagsmenn 67 ára og eldri svo og lífeyrisþegar.

### Betra atvinnuástand

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, kynnti skýrslu stjórnar. Í máli hennar kom m.a. fram að atvinnuleysi á félagssvæðinu hafi verið minna en árin á undan. Í apríl 2007 voru 38 félagsmenn á atvinnuleysisskrá en voru 49 á sama tíma árið 2006. Í desember sl. voru 37 félagsmenn á atvinnuleysisskrá.

Úlfhildur kom einnig inn á það að í fyrra bættist félaginu liðsauki frá Siglufirði þegar félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Vöku samþykktu að hætta starfsemi félagsins og ganga í viðkomandi stéttarfélag á Akureyri. Milli 40 og 50 félagar í verslunarmannadeild Vöku urðu því félagsmenn FVSA um síðustu áramót.

### Góð þátttaka í fundaherferð

Úlfhildur sagði einnig frá fundaherferð sem félagið gekkst fyrir í samvinnu við fyrirtæki Péturs Guðjónssonar, GCG. Haldnir voru 11 fundir og var tilhögunin þannig að fólk var valið af handahófi af félagaskránni en reynt að passa upp á að félagsmenn kæmu frá sem flestum starfsgreinum eða vinnustöðum. Hver fundur tók einn og hálfan tíma og voru yfirleitt um 15 til 20 á hverjum fundi. Stjórnarmenn og starfsfólk félagsins skiptust á að vera á fundunum. Samtals tóku um 180 manns þátt í þessum fundum og er það samdóma álit allra að þetta hafi verið þarft framtak. Margar ábendingar komu fram sem teknar hafa verið til greina varðandi þjónustu félagsins, svo og innlegg í kjaramálin.

ójafnt skipt að þessu sinni og þeim skömmtuð auka-sneið, sem ekkert fengu út úr launaskriðinu," sagði Ingibjörg.

Þá nefndi hún nokkur dæmi um hækkanir einstakra launataxta og kynnti launaþróunartryggingu. Í því sambandi benti hún fólk á að reikna út breytingar á launum sínum í reiknivél, sem er á vef FVSA [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is)

### Hæri orlofsuppbót og desemberuppbót

Í máli Ingibjargar kom fram að desemberuppbót og orlofsuppbót hafi verið einfaldaðar, en desemberuppbót þessa árs verður 50.000 krónur og orlofsuppbótin 18.400 krónur. Þessar uppbætur fara svo stighækkandi út samningstímann.

Hún sagði ákvæði um starfsmannaviðtöl hafa verið styrkt. Starfsmaður getur óskað eftir viðtali árlega og skal hann þá fá slíkt viðtal innan tveggja mánaða frá því hann óskar eftir því og niðurstaða úr því á að liggja fyrir innan mánaðar. Viðbótardagur við orlof kemur inn strax

í sumar og sagði hún orlofsprósentu hækka hjá þeim, sem fái greitt inn á orlofsreikning.

### Samræmd ákvæði um veikindi barna

„Ákvæði um veikindi barna eru nú samræmd í öllum kjarasamningum og verða 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð vegna barna undir 13 ára aldri, en þó að hámarki 12 dagar á 12 mánaða tímabili," sagði Ingibjörg. Varðandi slysatryggingar nefndi hún mikla hækkun örorkubóta, dánarbætur hækki einnig mikið en þó mest vegna barna, sem nú fái einstaklingsrétt.

Ingibjörg tundaði einnig ýmis atriði, sem væru til bóta í samningunum varðandi starfsmenntasjóð og endurhæfingarsjóð. Hún fór svo yfir kröfugerðina, sem lagt var upp með í byrjun samningaviðræðna og bar saman við árangurinn sem náðist í samningunum.

Að lokum hvatti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir félagsmenn til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni um samningana og samþykkja þá.



## Bolungarvík

Nýtt sumarið 2008

**Lýsing:** Íbúð í fjölbýlishúsi á annarri hæð að Stigahlíð 4. Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, rúmgóð stofa og eldhús inn af henni. Baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 7. Sjónvarp og dvd-tæki í stofu. Hjónaherbergi er með tvíbreiðu rúmi, herbergi með kojum fyrir fullorðna, sú neðri tvíbreið og annað herbergi með tveimur kojum. Sængur og koddar eru í íbúðinni en hægt er að fá rúmföt og handklæði leigð. Þvottahús er í kjallara.

**Skiptidagar:** Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hana eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni að Holtabrún 21.

**Okkar álit:** Bolungarvík er ákjósanlegur staður fyrir



þá sem vilja dvelja á Vestfjörðum og skoða sig um þar. Á staðnum er góð þjónusta, góð og vel útbúin sundlaug, söfn og margt að sjá bæði á Bolungarvík og í næsta nágrenni.



## Munaðarnes

**Lýsing:** Orlofshúsaðverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabíl. Húsið, sem er nr. 69, er um 52m<sup>2</sup> og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu, eldhúsi, 3 svefnherbergjum og baðherbergi. Verönd er við húsið og heitur pottur. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 2 í kojum í hvoru barnaherbergi.

Sængur og koddar eru í húsinu en sængurföt fást afhent í þjónustumiðstöð við komu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavél með ofni, borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns. Kolagrill er í húsinu. Í baðherberginu er vaskur, salerni og sturta. Í húsinu eru sjónvarp og útvarp.

**Skiptidagar:** Afhending hússins er á föstudögum og á að rýma húsið fyrir kl. 15. Nýir leigjendur geta komið eftir þann tíma. Seinki leigutaka fram yfir afgreiðslutíma á



föstudagskvöldi, þ.e. eftir kl. 22, þá verður að hafa samráð um það við staðarhaldara. Sömuleiðis þurfa leigjendur, sem ekki koma í húsin á föstudegi, að láta vita.

**Lyklar:** Afhendast í þjónustumiðstöð við komu, ásamt sængurfatnaði og hreinlætisvörum. Hafa þarf með sér handklæði og diskapurrkur.

**Okkar álit:** Þjónusta á svæðinu er komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.



## Einarstaðir

**Lýsing:** Húsið, sem er nr. 19, skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og koja þar yfir, en kojur í minna herberginu. Kolagrill og garðhúsgögn eru við öll húsin. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni.

**Okkar álit:** Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

## Orlofsbyggðin Ölfusborgum

**Lýsing:** Í sumar verður eitt hús í boði í orlofsbyggðinni í Ölfusborgum í leiguskiptum við VR. Vel búið hús á skemmtilegum stað, með tveimur svefnherbergjum og á staðnum er gistingualeiki fyrir sex til átta manns.

Rúmföt fylgja, án líns, en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð stofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsin og leiktæki eru fyrir börn á útisvæði. Sólstofa er við annað húsið. Stutt er í Hveragerði þar sem eru verslanir, ýmis þjónusta og afþreying.

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending til komugesta er milli kl. 15 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma húsið kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum.

**Okkar álit:** Góður orlofskostur í grónu sumarhúsaðverfi. Margir möguleikar í ferðum um Suður- og Suðvesturland.



## Ljósheimar 6, Reykjavík

### (Tvær íbúðir)

**Lýsing:** Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, á sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnaðar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð stofa, vel búið eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja og lín á þau. Gistipláss er fyrir sex manns í hvorri íbúð.

**Skiptidagar:** Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 14 á skiptidögum.



**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.

**Okkar álit:** Sívinsælar íbúðir, enda á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði.

## Skógarsel, Vaglaskógi

**Lýsing:** Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, baðherbergi, þvottaherbergi og sturta. Gistipláss er fyrir tólf manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki og barnahús.

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 14 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.

**Okkar álit:** Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður



fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

- Sjá næstu síðu!

## Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

**Lýsing:** Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Þetta eru bjálkahús byggð árin 2001 og 2004. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, vel búið eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir 6 manns í húsi nr. 2 en svefnpláss fyrir 10 manns í húsi nr. 19, sem er á tveimur hæðum. Svefnsofi er í stofu á efri hæð og gistipláss fyrir tvo á neðri hæð. Það er því tilvalið fyrir stórfjölskylduna en hentar ekki síður minni hópum.

Árið 2006 var lokið við að leggja hitaveitu á svæðið og því var hægt að leggja vatnshitakerfi í húsin. Sólpallar voru stækkaðir og heitir pottar settir við húsin.

Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítill verslun.

**Skiptidagar:** Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.



**Okkar álit:** Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

**Vetrarleiga:** Orlofshúsin á Illugastöðum eru einnig leigð yfir vetrarmánuðina, en þá er um sólarhringsleigu að ræða.

**Kynntu þér reglurnar um orlofsuppbót!**



## Nýtt og glæsilegt Skógarsel

Um mánaðamótin júní-júlí er gert ráð fyrir að nýtt orlofshús FVSA, Skógarsel í Vaglaskógi, verði tekið í notkun en bygging þess stendur enn yfir.

Hafist var handa við framkvæmdir á bökkum Fnjóskár þann 8. ágúst í fyrra. Þá var gamla húsið rífið, en það hús var byggt árið 1928. Grunnur nýja hússins var steiptur 29. september og húsið var orðið fókelt í janúar. Það er byggt úr steinsteypum einingum frá húseiningaverksmiðjunni Borg á Akureyri.

Nýja húsið er veglegt, 153 fermetrar að stærð, á einni hæð. Þar eru 4 svefnherbergi, eldhús, stofa og 2 baðherbergi en annað þeirra er tengt verönd hússins. Alls verða rúmstæði fyrir 12 manns í húsinu en allt að 15 manns geta gist þar ef aukarúm eru talin með. Rúmgóð verönd með heitum potti verður við húsið og á lóðinni



Hið nýbyggða og glæsilega Skógarsel í Vaglaskógi.

verður hægt að tengja hjólhýsi, húsbíla og fellihýsi við rafmagn. Öll helstu heimilistæki verða í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppþvottavél.

## Afsláttur af árs-kortum í líkamsrækt

Samkomulag er í gangi við þrjár líkamsræktarstöðvar á Akureyri um afslátt af árskortum. Það eina sem félagsmenn þurfa að gera er að koma með reikninginn til félagsins og þá endurgreiðir félagið 35% af andvirði hans, að hámarki kr. 15.000.

Á aðalfundi félagsins var samþykkt að hækka hámarksniðurgreiðslu til þeirra félagsmanna sem kaupa árskort í líkamsrækt um kr. 5.000.

Verð á árskortum til félagsmanna, áður en félagið niðurgreiðir þau:

*Átak, árskort á kr. 44.900*

*Bjarg, árskort á kr. 47.700 og 6 mánaða kort á kr. 32.800*

*Vaxtarræktin gefur 10% af öllum kortum*

## Miðar í Hvalfjarðargöng

Á skrifstofu félagsins er hægt að kaupa miða í Hvalfjarðargöng á kr. 500. Stök ferð fyrir venjulegan fjölskyldubíl í flokki I kostar kr. 800 og því er sparnaður töluverður ef miðar eru keyptir á skrifstofu félagsins. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og tilbaka um göngin, spara kr. 600.

Athugið! Ekki er hægt að greiða með korti.



## Upplýsingar um sjúkrasjóð FSVA

- *Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns:*  
Greidd 80% launa í 6 mánuði
- *Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka:*  
Greidd 80% launa í 3 mánuði
- *Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna:*  
Greidd 80% launa í 3 mánuði
- *Dánarbætur vegna greiðandi félagsmanna kr. 300.000*
- *Dánarbætur vegna lífeyrisþega kr. 200.000*

### Styrkir

- *Krabbameinsleit:* Upphæð Leitarstöðvar greidd að að fullu.
- *Sjúkraþjálfun:* Greiddur að fullu hlutur félagsmanns
- *HL-stöð endurhæfing:* Greidd 70% af reikningi
- *Gígtarleikfimi:* Greidd 70% af reikningi
- *Líkamsrækt:* Greidd 35% af reikningi  
- hámark kr. 15.000 á ári
- *Sálfræðiþjónusta:* Greidd 35% af reikningi  
- hámark kr. 20.000 á ári

- *Gleraugu (glerin):* Greidd 35% af reikningi  
- hámark kr. 15.000
- *Nudd utan TR:* Greidd 35% af reikningi  
- hámark kr. 20.000
- *Lyfjakostnaður:* Greidd 50% umfram 20.000  
- hámark kr. 15.000 á ári
- *Glasa-/tæknifrjónun:* Greidd 50% af meðferðarkostnaði, hámark 52.500
- *Laser-augnaðgerðir:* Greidd 35% af aðgerðarkostnaði,  
- hámark 50.000
- *Heilsustofnun NLFÍ:* Greidd 50% af dvalarkostnaði

**Hámarksupphæð styrkja til félagsmanns úr sjúkrasjóði er kr. 70.000 á ári.**

### Aðrir sérstakir styrkir til félagsmanna

Stjórn Sjúkrasjóðs FVSA er heimilt að meta þörf og aðstæður félagsmanna í sjúkra- og örorkutilvikum og getur í slíkum tilvikum samþykkt styrkveitingar.

## Siglfirðingar til liðs við FVSA



Agnes Þór  
Björnsdóttir.

FVSA bættist liðsauki á síðasta ári þegar félagar í Verkalýðsfélaginu Vöku samþykktu að hætta starfsemi félagsins og ganga í viðkomandi stéttarfélag á Akureyri. Við þetta urðu milli 40 og 50 félagar í verslunarmannadeild Vöku félagsmenn FVSA um síðustu áramót.

Agnes Þór Björnsdóttir er ein hinna nýju féлага frá Siglufirði en hún starfar í Aðalbakaríinu. Hún er ánægð með breytinguna. „Það er ekkert nema gott um þetta að segja. Ég held að við séum miklu betur komin í þetta stóru félagi. Við erum svo fá hérna að við vorum lítills megnug,“ segir Agnes og bætir við að hún sé þess fullviss að þjónusta stéttarfélagas við verslunar- og skrifstofufólk á Siglufirði verði mun betri eftir en áður. „Við mættum nú ekki nema fjórar á kynningarfund um þessa sameiningu, svo það eru ekki margir virkir í félagsstarfinu.“



Frá afhendingu sameiginlegrar gjafar stéttarfélaganna til kaupna á beinþéttmælitaeki á FSA.

## Samfélagsstyrkir

Félagssjóður styrkti starf mæðrastyrksnefndar um kr. 250.000 á síðasta ári og greiddi kr. 500.000 til sameiginlegrar gjafar stéttarfélaganna til kaupna á beinþéttmælitaeki á FSA.

Félagið var stofnaðili og lagði fram kr. 500.000 til Fjölsmiðjunnar sem RKÍ rekur í samvinnu við Vinnumála- stofnun og Akureyrarbæ og starfar með ungu atvinnulausu fólki. Samið var við Háskólann á Akureyri um árlegan kr. 25.000 styrk til fimm ára. Þá má geta þess að styrktarlínur til félagasamtaka voru samtals kr. 300.000.

## Vinsæl heimasíða

Heimasíða félagsins nýtur stöðugt meiri vinsælda og aðsókn að henni hefur margfaldast síðan hún var opnuð árið 2004. Þá fékk síðan 6.300 heimsóknir, árið 2006 voru heimsóknirnar 28.500 og á síðasta ári voru 46.500 heimsóknir á síðuna.

Á heimasíðunni er hægt að nálgast flestar upplýsingar, sem félagsmenn þurfa á að halda. Síðan er uppfærð reglulega og stöðugt eru að bætast á hana upplýsingar.

Stéttarfélagin á Akureyri reka áfram sameiginlega skrifstofu á Siglufirði og er kostnaði við reksturinn skipt á milli félaganna í hlutfalli við fjölda félagsmanna á Siglufirði, sem færðist í viðkomandi félag. Hluttur FVSA í rekstrinum er um 11%.

## Orlofsuppbót

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelldt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

Orlofsuppbót á árinu 2008 er kr. 18.400 miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

### Orlofsuppbót vegna áunnins tíma

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldt starf á orlofsárinu skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma, miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskilyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofs- og/eða desemberuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum og á hana greiðist ekki orlof.

### Orlofsauki

Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%. Eftir 5 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 26 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,11%. Eftir 10 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 29 daga orlof og skulu orlofslaun vera 12,55%. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og 26 dagar í 27 daga. (Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008).

Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir þriggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreyndur.

Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga að vetri nema um annað hafi samist.



**Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?**



## Nýtið ykkur starfsmenntasjóð!

386 félagsmenn FVSA fengu styrk á árinu úr starfsmenntasjóði, alls að upphæð kr. 8.000.000 en það er um kr. 700.000 umfram það sem félagið innheimti í sjóðinn. Þetta er fyrsta árið sem FVSA sækir fjármagn í „stóra pottinn fyrir sunnan“ og er það að sjálfsögðu jákvætt fyrir félagið.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tólmstundanámsskeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkennum aðilum. Endurgreiðsla miðast við punktastöfnun félagsmanns, sem myndast vegna félags-gjalda.

Upphæð endurgreiðslna er allt frá því að vera kr. 2.125, sem er helmingur af skráningargjaldi í framhaldsskóla, upp í að vera um kr. 100.000 vegna háskólánáms. Meðaltalsupphæð á endurgreiðslu er tæplega kr. 21.000.



Frá útskrift úr verslunarfagnámi hjá SÍMEY.

### Verslunarfagnám

Þann 23. nóvember sl. útskrifuðust fyrstu nemendurnir úr verslunarfagnámi hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Nemendurnir sjö sem útskrifuðust starfa hjá Pennanum-Eymundsson, Sportveri, Hagkaupum og Nettó. Námið hófst haustið 2006 og náði yfir þrjár annir, alls 680 klst. sem skiptust til helminga milli skóla og vinnu.

Almenn ánægja var með nytsemi námsins og því var ákveðið að bjóða aftur upp á slíkt nám og í lok janúar sl. hóf því nýr hópur 10 einstaklinga, verslunarfagnám.

## „Úr mínus í plús“

Félagið hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum sínum á námskeiðið „Úr mínus í plús“, sem fer fram laugardaginn 29. mars nk. á milli kl. 13 og 17. Námskeiðið verður haldið í sal Einingar-Iðju á 2. hæð Skipagötu 14.

Á námskeiðinu er fólki kennt að greiða niður skuldir á undraskömmum tíma, að hafa gaman af því að eyða peningunum, spara og byggja upp sjóði og eignir. Slík námskeið hafa notið mikilla vinsælda og gjörbreytt afstöðu margra þátttakenda til fjármála. Nýir og fleiri möguleikar opnast til að ná margfalt betri árangri í lífinu með þeim peningum sem maður á nú þegar.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á skrifstofu félagsins í síma **462 1635** eða á netfangið [fvs@fvs.is](mailto:fvs@fvs.is) í síðasta lagi 25. mars nk.

## Sumarferð FVSA 2007

Lagt var af stað frá Akureyri kl. 9 að morgni. Veður var þurr en nokkuð þungbúið.

Ekið var til Dalvíkur og þar bættust í hópinn nokkrir félagar. Þaðan var haldið áfram í Skagafjörðinn og lá leið okkar til Hóla. Þar var staldrað við og söguminjar skoðaðar. Því næst var komið að hádegisverði sem var snæddur í Lónkoti. Þar var tekið á móti hópnum með ekta íslenskri kjötsúpu eins og Norðlendingar einir eru frægir fyrir.

Nú lá leiðin til Siglufjarðar og þar var margt að sjá. Síldarminjasafnið var skoðað undir leiðsögn heimamanna. Gaman og fróðlegt var að sjá fyrir sér hversu spennandi en jafnframt erfið síldarvinnan hefur verið á þessum árum. Einnig skoðuðum við Þjóðlagasetrið, sem var afar skemmtilegt. Kaffi var fram borið í Bíókaffi á Siglufirði og var það á við stórafmælisveislu.

Fararstjóri var Ingólfur Ármannsson og honum til halds og trausts eiginkona hans, Hrefna Hjálmsdóttir. Þau hafa oft áður verið leiðsögumenn okkar á ferðum félagsins og eru algjörlega ómissandi. Um fimmtíu manns



Glatt á hjalla.

Mynd: Ásgrímur Ágústsson.

voru í ferð þessari og eins og ævinlega þegar við erum á ferðinni, þá birti til, veðrið var yndislegt, sól og blíða.

### Skemmtileg leikhúsfarð

Fjölmargir lífeyrisþegar FVSA þáðu boð félagsins um leikhúsfarð í Freyvang. Um 70 manns fóru og sáu Prímadonnurnar, sýningu sem hlaut mjög góðar viðtökur, bæði gagnrýnenda og áhorfenda. Allir voru á því að sýningin væri hin skemmtilegasta og kaffihlaðborðið á Öngulsstöðum, sem farið var í eftir sýninguna, var frábært.